



Dagskrá félagsfunda veturinn 2010-2011

Fundir verða haldnir í Safnaðarheimili Fella- og Hólakirkju, kl. 20.00-22.00, mætum stundvíslega. Aðgangseyrir kr. 500.

Miðvikudagur 29. september 2010

- Kynning á samkeppni framundan – EQA og á aðalfundi 2012
- Klúbbakynning - Spólurnar á Patreksfirði
- Félagið og starfsemi þess, umræður
- Örnámskeið fyrir byrjendur. Áhugasamir komi með nokkra búta, saumavél, framlengingarsnúru, mottu og stiku (þeir sem eiga) og annað til sauma.
- Óskað er eftir að félagar komi með litríka búta sem má nota í gerð Hetjuteppa (sjá grein um Hetjuteppin hér í blaðinu)
- Happdrætti
- Sýnt og sagt frá

Miðvikudagur 27. október 2010

- Sagt frá sýningum sumarsins
- Frágangur á teppum - Halldóra Þormóðsdóttir og Hrafnhildur Svavarsdóttir segja frá
- Vattstunga í vél - konur sem taka að sér að vatt-stinga teppi kynna starfsemi sína
- Ræmuhappdrætti - félagar komi með 2 1/2" ræmur í bláu, í breidd efnisins, merktar með nafni
- Sýnt og sagt frá

Miðvikudagur 24. nóvember 2010 - afmælisfundur, jólafundur

- Upplestur í tilefni jóla
- Afmælis Íslenska bútaumfélagssins minnst
- Sagt frá afmælisýningunni í Perlunni og undirbúningi hennar
- Afmæliscaffi í tilefni dagsins
- Skipst á jólagjöfum, félagsmenn komi með bútaumstengdar jólagjafir til að hengja á snúru
- Happdrætti
- Sýnt og sagt frá

Hetjuteppi saumuð. Laugardagur 8. janúar 2011. Ath. dagskráin hefst kl. 09:00.

- Saumadagur þar sem Hetjuteppi verða saumuð. Félagsmenn komi með saumavélar, framlengingarsnúrur, tvinna og annað til sauma. En sameinast um straujárn og –borð.
- Afhentir verða þókar með tilniðnum teppum til að sauma. Einnig geta félagsmenn komið með eigin Hetjuteppi til að sauma.
- Félagsmenn sameinast um að koma með rétti til að bera á borð í hádeginu.

Miðvikudagur 26. janúar 2011

- Myndlistarmaður kemur og segir frá litafræði og vali á litum
- Klúbbakynning - Systurnar
- Bót.is kemur í heimsókn
- Happdrætti
- Sýnt og sagt frá

Miðvikudagur 23. febrúar 2011

- Endurnýtt - hvað er hægt að gera úr gömlum fötum? Lovísa Jónsdóttir sýnir og útskýrir.
- Örnámskeið - saumað úr gömlum gallabuxum. Áhugasamir komi með gamlar gallabuxur, saumavél, framlengingarsnúru, mottu/stiku/hníf, (þeir sem eiga) og e.t.v. eina blokk, gamalt profustykki eða blokk sem varð afgangur úr öðru verki.
- Félagar eru hvattir til að koma með verk, unnin úr gömlum fötum, til að sýna. Það geta verið teppi, dúkar, töskur, gardínur o.m.fl.
- Ræmuhappdrætti - félagar komi með 2 1/2" ræmur í rauðu, í breidd efnisins, merktar með nafni
- Sýnt og sagt frá

Miðvikudagur 30. mars 2011

- Klúbbakynning - Verslunarskólinn
- Berglind Snæland kennir aðferðir við að sauma þríhyrnings-ferninga og opnar fljúgandi gæsir
- Örnámskeið - þríhyrnings-ferningar og opnar fljúgandi gæsir. Fyrir ÞRÍHYRNINGA-FERNINGANA þarf 3-4 ljósar lengjur og 3-4 dökkar lengjur, 2,5"-4" að breidd (ekki mjórri en 2,5"). Fyrir OPNU GÆSIRNAR er nóg að koma með nokkra búta. Áhugasamir komi einnig með skurðarmottu og stiku, saumavél, framlengingarsnúru og annað sem þarf til sauma.
- Happdrætti
- Sýnt og sagt frá

Miðvikudagur 27. apríl 2011

- Listakonan Sigrún Shanko kemur í heimsókn og segir frá verkum sínum, hvað hún er að gera á textílverkstæðinu Korpu og frá ferð til Houston.
- Örnámskeið - kennt verður að búa til samfelld skábönd. Áhugasamir komi með nóg og stóran búa fyrir skábandið og saumfar + 15% meira, mottu og stiku, blýant eða mjótt túss og tituprjóna, sameinast um saumavélar.
- Skilafrestur á verkum vegna EQA, salurinn kys vinsælasta teppið. Ef fleiri verk berast en hægt er að senda mun verða skipuð dómnefnd til að velja teppi sem fara utan.
- Happdrætti
- Sýnt og sagt frá

Laugardagur 14. maí 2011 - Aðalfundur.

Allir félagsfundir vetrarins enda á dagskrárliðnum Sýnt og sagt frá þar sem félagskonum gefst tækifæri að sýna salnum teppi sem þær hafa klárað frá síðasta fundi. Segja má til dæmis frá af hverju teppið var saumað, hver uppspretta hugmyndarinnar hafi verið eða af hverju efnið í teppinu varð fyrir valinu. Nóg er að segja bara nokkrar setningar, við erum ekki að biðja um ræður.

Athugið að þær aðstæður geta komið upp að þurfi að breyta dagskrárliðum.

Laugardagur 14. maí 2011 - Aðalfundur. Fundarstaður tilkynntur síðar.

- 10:00-10:30 Klúbbakynning - klúbbur af landsbyggðinni kemur í heimsókn
- 10:30-12:00 Aðalfundur
- 12:00-13:00 Hádegishlé
- 13:00-17:00 Námskeið. Námskeiðin verða auglýst í vorblaði 2011.
- Dregið verður úr innsendum blokkum á aðalfundinum, sjá tilkynningu hér í blaðinu.
- Ferðatöskusala